



Fjörulallar, það erum við!

Skýrsla um þróunarverkefni í leikskólanum Bakka árið 2008 – 2009



Efnisyfirlit

Útdráttur.....	4
Inngangur og kynning	5
Úr ýmsum áttum.....	8
Ísland – náttúruparadís	8
Umhverfismennt.....	8
Útíkennsla	9
Könnunaraðferðin.....	10
Mósaík-aðferðin.....	11
Fjörulallar, það erum við!.....	13
Aðdragandi verkefnisins	13
Markmið	14
Lýsing á verkefninu	14
Niðurstöður verkefnisins	15
Mat á verkefninu.....	19
Raddir og hugmyndir Fjörulalla.....	22
Umsögn barnanna.....	22
Endurmat elsta árgangsins.....	23
Þekkingarvefurinn	24
Þekkingarbók	24
Veðurfar og klæðnaður.....	25
Hvað leynist í bakpokunum?.....	25
Rannsóknir barnanna í fjörunni	25
Vinsælir leikir í fjörunni.....	27
Unnið heima í leikskóla	29
Fjörujól.....	31
Sjávardýrasafnið	31
Ljósmyndun barna	31
Ruslið í fjörunni	32
Stuttmyndin	33

Fjörulallanámskeið	34
Útskrift elsta árgangsins.....	34
Lokaorð	35
Heimildaskrá	36
Fylgiskjöl	37
Fylgiskjal 1.....	37
Fylgiskjal 2.....	39
Fylgiskjal 3.....	40
Fylgiskjal 4.....	42

Útdráttur

Í skýrslu þessari er gerð grein fyrir þróunarverkefninu **Fjörulallar, það erum við!** Þetta verkefni var unnið í leikskólanum Bakka sem er staðsettur í miðri náttúruparadís. Fuglalífið er fjölskrúðugt og fjaran næstum því við lóðarmörkin, sem sagt kjöraðstæður fyrir útinám með börnin. Þróunarverkefni þetta byggir einmitt á útinámi í fjörunni og var hugmyndin að þróa frábært starf enn meira.

Markmið verkefnisins var að þróa útinámið út frá áhuga og forvitni barnanna, gera hugmyndabanka með barnahópnum sem önnur börn geta nýtt sér og vera með lifandi upplýsingaflæði á heimasíðu leikskólans.

Aðaláherslan er á það að hlusta á raddir og hugmyndir barnanna um fjöruna og lífríkið þar.

Þeir sem komu að þessari vinnu voru þrír elstu árgangarnir á Bakka, samtals 52 börn. Valdís Edda Hreinsdóttir var verkefnastjórinn og Ingibjörg E. Jónsdóttir var ábyrgðarmaður, bókari og ritari.



Inngangur og kynning

Þetta rit er skýrsla sem unnin er í tengslum við þróunarverkefnið **Fjörulallar, það erum við!** Vonandi getur þessi skýrsla vakið hugmyndir og verði hagnýtt vinnuþagg fyrir aðra leikskóla sem hafa hug á að auðga starf sitt með útinámi.

En af hverju útinám?

Leikskólinn Bakki er staðsettur við fallega fjöru. Strax í upphafi vorum við dugleg að fara í fjöruna með börnin og leikskólinn fylltist af skeljum, þangi, steinum og fleiru forvitnilegu úr fjörunni. Áhuginn dofnaði þó fljótlega hjá fullorðna fólkinu, þar sem ferðirnar voru ómarkvissar og höfðu lítinn tilgang. Lítið var spáð í hvað skeljarnar hétu, hvaða pöddur væru að skjótast í þanginu, hvaða fuglar væru svamlandi í fjöruborðinu og það helsta sem tekið var eftir var allt ruslið.


Vorið 2006 var okkur boðið að taka þátt í að gera smá tilraun í samvinnu við Náttúruskóla Reykjavíkur um útinám. Þetta fannst okkur spennandi og við fórum aftur að tölta niður í fjöru með börnin. Um haustið gerðum við formlegan samning við Náttúruskólann um þátttöku okkar í verkefninu „Flóð og fjöru“ og endurnýjuðum hann haustið 2007, þar sem Mengunarvarnir Umhverfissviðs bættust í samvinnuna.

Hvað var svona spennandi? Hvað breyttist við þetta samstarf við Náttúruskóla Reykjavíkur?

Helena Ólafsdóttir, sem er verkefnastjóri Náttúruskólans, opnaði fyrir okkur nýjan heim og í leiðinni nýja sýn. Hún kynnti fyrir okkur útinám og benti okkur á að færa starf leikskólans niður í fjöru. Öll námssviðin eiga heima þar ekkert síður en heima í leikskóla. Þetta voru nýjungar sem við höfðum ekki hugleitt áður.

Nú var markvisst pakkað niður í bakpoka: víðsjá, stækkunarglerjum, fötum, skóflum, litlum glærum dollum, pokum, vasaljósum, bókum (tengdum fjörunni og þeim sem þar búa), söngtextum og mörgu fleiru, allt eftir því hvað framkvæma átti í fjörunni. Nesti var einnig alltaf tekið með.

Við ákváðum að fara með þrjá elstu árgangana niður í fjöru einu sinni í viku, þar sem hver árgangur fer saman með sínum hópstjórum. Fljótlega var tekin sú ákvörðun að ráða inn verkefnastjóra til að halda utan um verkefnið og sjáum við ekki



eftir því. Hún heitir V. Edda Hreinsdóttir og heldur þessu verkefni uppi með áhuga og elju sinni og barnanna.

Þegar horft er yfir barnahópinn niðri í fjöru þá sjáum við áhugann skína úr hverju andliti, börnin eru önnum kafin við að rannsaka og skoða, spyrja og spjalla, sýna og sjá. Allir eru glaðir, hjálpsamir og forvitnir.

Þessi vinna er hreint út sagt alveg ótrúleg. Börnin hafa mjög mikinn áhuga á öllu í fjörunni og sérstaklega íbúum hennar. Einn veturinn vorum við svo heppin að hafa eina æðakollu sem var eins og heimalningur utan í börnunum. Selirnir eru hættir að stinga sér til sunds þegar við mætum í fjöruna, heldur fylgjast bara með okkur eða eins og eitt barnið sagði þegar það benti á selinn: „Sko, þarna er Kobbí vinur minn!“

Lögð er áhersla á að ganga vel um fjöruna og bera virðingu fyrir íbúum hennar. Það er gaman að snúa við steini og heilsa upp á marflærnar sem skjótast þar um, en svo er steinninn settur á sinn stað, þar sem hann er heimili marflónna.

Þar sem ég er leikskólastjórinn er ég ekki virkur þátttakandi í þessu frábæra verkefni, en ég fæ stundum að koma með í fjöruferðir og ég verð alltaf jafn hissa. Það er ótrúlegt að hlusta á 3 – 5 ára börn spjalla um það hvort nú sé fjara eða flóð og að hér sé kúskel með fullt af hrúðurkörlum. Einnig er mér bent á að lyfta upp bólupanginu þá finni ég kannski marflær. Eitt skiptið þá fann ég stein og var að reyna að muna hvað hvítu hringirnir sem voru á honum heita. Ég sneri mér að næsta hópstjóra, þar sem börnin voru upptekin og spurði hvort hann vissi nafnið. Hann benti mér á að spyrja frekar börnin. „Jú, þetta er sko eftir orm, svona kalkpíuorm“ var ein lítil fljót að svara mér.

Það sem mér finnst einkenna barnahópinn í fjörunni er hve allir eru að vinna og önnum kafnir, bæði í leik og rannsóknum. Tillitssemi, virðing og samvinna eru í hávegum höfð og ég hef aldrei séð árekstra á milli barnanna eða að einhver sé í vondu skapi þegar við erum í fjöruleiðangri.

Þetta er að verða mikil lofræða um fjöruferðirnar, en samt er það nú staðreynd að gleðin ríkir í öllum barnahópnum í þessum ferðum og öllum líður vel. Það segir örugglega eitthvað að hvorki börn né starfsmenn veigra sér við að fara niður í fjöru í hvaða veðri sem er og hvort sem það er orðið bjart eða ekki.

Og þá er það aftur spurningin, af hverju útínám?



Margir leikskólar hér á landi og víða um heim eru farnir að starfa í anda leikskólanna í Reggio Emilia á Norður Ítalíu. Þar er meðal annars litið á menntun sem rannsókn, þar sem barnið notar mismunandi rannsóknaraðferðir í uppgötvunum sínum og námi. Lögð er áhersla á að barnið nálgist viðfangsefni sitt á sem fjölbreyttastan hátt og hafi tækifæri til að nota fjölbreyttan efnivið og tækni í nálgun sinni. Í Reggio leikskólunum er litið á umhverfið sem einn af kennurunum og þá oft talað um það sem þriðja kennarann. Þeir leggja áherslu á að menning og umhverfi endurspeglar í skólaumhverfinu, samanber að í hverjum leikskóla í Reggio Emilia er torg í miðjum skólanum, þar sem sú hefð er á Ítalíu að fólk hittist á torgum bæja og borga til að rabba saman (Guðrún Alda Harðardóttir, 2001).



Ekki er ætlunin hér að fjalla um Reggio leikskólanna og starf þeirra, en þetta litla innlegg er eiginlega kveikjan að þeirri hugmynd að útinám hér á Íslandi sé eitthvað sem við eigum að leggja mikla áherslu á. Ef við skoðum okkur hér á Íslandi, hvað er það sem einkennir menningu okkar og umhverfi? Hvað stendur land okkar fyrir? Er svarið ekki; stórbrotin náttúra, hreint vatn, hreint loft, ferskleiki, fjölbreytt veðrátt, kyrrð? Eru þetta ekki atriðin sem ferðamenn eru að sækja hingað og við erum svo stolt af?



Þannig að það sem ætti að einkenna íslenska skóla er útinám þar sem áherslan er á náttúru- og umhverfisvernd.

Við lögðum allavega af stað með þá hugmynd að það væri mikilvægt að börnin kynntust sínu nánasta umhverfi og lærðu að bera virðingu fyrir því.



Skýrslu þessari er skipt upp í fimm kafla ef talinn er með inngangur og kynning. Annar kaflinn er úr ýmsum áttum, þar er smá fræðileg kynning um ýmis atriði sem við göngum út frá í þessu verkefni. Þriðji hlutinn fjallar um sjálft þróunarverkefnið það er aðdragandann, markmið, lýsing, niðurstöður og mat. Fjórti kaflinn er svo um raddir barnanna og hugmyndir þeirra og er þar fléttað saman hvað þau gerðu og hvaða hugmyndir vöknúðu með þeim í þessari vinnu. Í lokin er síðan kafli með vangveltur að verki loknu.

Úr ýmsum áttum

Ísland – náttúruparadís

Ísland er talið ungt land sem hefur verið í örri mótun. Náttúra landsins er lítið spillt og er mikið um stór óbyggð víðerni, sem við Íslendingar höfum greiðan aðgang að. Það sem einkennir náttúru Íslands eru berg og jarðvegur, þar sem gróður er víða strjáll. Jarðhiti er mjög áberandi og einnig jöklar, enda hefur Ísland verið kallað land elds og ísa. Blátært lindarvatn er nóg til af í náttúru landsins, ásamt straumhörðum ám og óbeisluðum fossum. Bjartar og fagrar sumarnætur og norðurljósin á veturna er annað sem einkennir íslenska náttúru og aðeins örlítill hluti mannkynsins fær að njóta. Íslenskt veðurfar er einnig stórbrotið og margbreytilegt. Veðurfarið og árstíðirnar hafa mikil áhrif á náttúruna. Landið breytir stöðugt um lit og útlit eftir veðráttu og árstíðum (Þorvaldur Örn Árnason, 1998).

Ísland rís úr sæ í norðanverðu Atlantshafi og má því segja að hafið sé stór hluti af íslenskri náttúru, ásamt því að hafa verið matarbúr okkar í gegnum aldirnar.


Við Íslendingar höfum verið stolt af sögu okkar og hampað okkur sem bókabjóð. Það var ekki fyrr en á 20.öldinni að við fórum að líta á náttúru Íslands sem eitthvað sem við gætum verið stolt af og leyft gestum og gangandi að njóta. Við höfðum skoðað náttúruna út frá því hvort hægt væri að nýta hana eða ekki, síðan uppgötvuðum við sjálfa fegurðina í náttúrunni og hvaða paradís við höfðum allt í kringum okkur. Reyndar hafa alltaf verið uppi Íslendingar sem hafa kunnað að njóta náttúrufegurðar landsins.

Ísland er draumastaður náttúruunnandans og hafa margir erlendir gestir komið til landsins til að fá að njóta þessa munaðar sem við Íslendingar höfum fyrir framan okkur dagsdaglega. Mikilvægt er að ganga vel um náttúruna og læra að lifa í sátt og samlyndi við hana.

Ísland er ungt land eins og komið hefur fram og er náttúra landsins viðkvæm, því er mikilvægt að bera virðingu fyrir henni. Fræðsla og það að íbúar landsins og gestir fái að kynnst náttúrunni í sinni stórbrotnustu mynd er besta leiðin til að læra að umgangast hana.

Umhverfismennt

Ef við viljum lifa í sátt og samlyndi við náttúruna þá þurfum við að kynnst henni og skilja eðlilegan gang hennar.



Umhverfismennt stuðlar að því að við gefum umhverfinu gaum og berum umhyggju fyrir því. Með umhverfismennt er verið að leitast við að efla þekkingu, leikni og vilja til að leysa mál er varða náttúrulegt og manngert umhverfi, ásamt því að koma í veg fyrir að ný vandamál skapist. Í umhverfismennt felst bæði uppeldi og nám sem þarf að fléttast inn í allt daglegt líf og allar námsgreinar (Þorvaldur Örn Árnason, 1998).

Þegar verið er að fjalla um umhverfismennt þá berst oft talið að umhverfisvernd og náttúruvernd. Yfirleitt er ekki gerður greinarmunur á milli þessara tveggja orða, en í bók sinni Umhverfing segir Páll Skúlason að það séu skýr og augljós greinarmunur á milli umhverfisverndar og náttúruverndar. Hann segir að eiginleg náttúruvernd snúist um það að vernda náttúruna fyrir manningum, en aftur á móti snúist eiginleg umhverfisvernd um það að vernda manninn fyrir hættulegum efnum eða öflum sem kunna að leynast í umhverfinu. Einnig tekur hann fram að þetta hættulega í umhverfinu sé oft af mannavöldum (Páll Skúlason, 1998). Vert er að hafa þennan mun í huga þegar verið er að mennta unga sem aldna í umhverfismennt.

Það er nú þannig einu sinni með okkur mannfólkið að við verndum helst það sem okkur þykir vænt um og þekkjum, því er mikilvægt að byrja snemma að kynna náttúruna og leyfa börnunum að fá að upplifa hana í sínu nánasta umhverfi. Þau þurfa að fá að upplifa hana með öllum sínum skynfærum, bæði það fagra og hreina, en einnig þau umhverfisvandamál sem steðja að til að geta greint þær hættur sem ber að varast (Þorvaldur Örn Árnason, 1998).

Útinám

Útinám er það kallað þegar við færum nám og leik út fyrir vegg skólans með skipulögðum hætti. Börnin komast þannig í snertingu við umhverfið og náttúruna og fá þannig að upplifa hlutina í raunverulegum aðstæðum með öllum sínum skilningarvitum.

Öll námssvið leikskólans fléttast inn í útinámið. Það er því góður grundvöllur fyrir því að leikskólar setji markvisst inn í skipulag sitt að vera með útinám í boði fyrir börnin í hverri viku.

En útinám er ekki bara það að allir fari út, heldur er hópurinn markvisst að vinna og upplifa saman.

Joseph Cornell sem er reynslumaður í námi úti í náttúrunni, hann bendir á fjögur stig sem gott er að styðjast við:



1. Stig: Það þarf að kveikja áhuga og árvekni, ef þetta er ekki til staðar verður lítið um nám. Hlutverk kennarans er því að vekja áhugann.
2. Stig: Nám þarfnast einbeitingu og athygli. Það er ekki nóg að hafa áhuga ef við erum ekki með einbeitinguna í lagi. Hlutverk kennarans er að vekja athygli.
3. Stig: Við þurfum að halda athyglinni vakandi; hvað erum við að sjá, heyra, snerta, bragða og upplifa. Þannig upplifum við taktinn og flæðið í náttúrunni allt í kringum okkur. Hlutverk kennarans er að leiðbeina og spyrja.
4. Stig: Reynslan í náttúrunni opnar fyrir dýpri skilning. Hlutverk kennarans er að hvetja börnin til að deila reynslunni og miðla henni.

Ef unnið er eftir þessum fjórum stigum þá skapar það margskonar upplifanir og reynslu þar sem náttúran er margbreytileg, ásamt því að engar tvær upplifanir eru eins (Cornell, 1989).

Hin fræga setning uppeldisfrömuðarins John Dewey; „*Learning by doing*“ á vel við þegar rætt er um útinám. Útinám er það að læra með því að framkvæma og upplifa raunverulega hluti í raunverulegu umhverfi. Námið verður þannig alveg ljóslifandi og hluti af reynslu barnsins.

Könnunaraðferðin

Þegar ákveðið er að vera með markvisst útinám getur verið gott að styðjast við könnunaraðferðina eða vinna jafnvel alveg eftir henni.



Könnunaraðferðin er ákveðin kennsluaðferð þar sem kennarinn leiðbeinir börnunum í gegnum rannsóknarvinnu sína. Það viðfangsefni sem er tekið fyrir byggir á reynslu barnanna og það er áhugi og forvitni þeirra sem ræður ferðinni. Þannig veit enginn hvert rannsóknarvinnan leiðir hópinn. Könnunaraðferðin er eins og góða saga; með upphaf, miðju og endi. Þannig er ferlinu skipt upp í þrjú stig:

1. Stig – að hefjast handa. Lykilatriðið hér er að velja viðfangsefni sem byggir á sameiginlegri reynslu barnanna, hafa hugflæði og setja það upp í þekkingarvef. Út frá þessu koma svo vangaveltur frá börnunum um það hvað þau vilja vita meira.
2. Stig – að rannsaka, skoða og kanna. Hér er í raun aðalvinnan og rannsóknin. Farið er í vettvangsferðir til að fá tækifæri til að upplifa viðfangsefnið í raunverulegum aðstæðum. Síðan vinna börnin úr ferðinni, leita sér jafnvel nánari upplýsinga í bókum, á vefnum eða með því að tala við einhvern sem er fróður um málið. Bætt er í þekkingarvefinn jafnóðum og þekking bættist við. Börnin rannsaka, teikna athugasemdir,



búa til fyrirmyndir (líkön), gera athuganir og skrá niðurstöður. Þau kanna, spá, fjalla um og leika nýju upplifun sína.

3. Stig – að meta, túlka og miðla. Hérna skoðar kennarinn með börnunum hvað þau hafa lært í gegnum þessa rannsóknarvinnu. Síðan ákveða börnin hvort þau vilja deila þessari reynslu sinni með öðrum, eins og til dæmis með því að hafa sýningu fyrir foreldrana. Mikilvægt er að börnin fái tækifæri til að skýra nánar frá því hvað þau hafa lært í gegnum allt ferlið, svo það verði merkingabært fyrir þeim. Þannig eiga þau auðveldara með að sameina og samþætta upplýsingar sem þau fengu í gegnum mismunandi reynslu af viðfangsefninu. Á þessu stigi er ákvarðanatáka barnanna jafn mikilvæg og á hinum tveim stigunum, hérna þurfa þau að taka ákvörðun um það hvað þau lærðu í raun, hvernig og hvað af reynslu sinni þau vilja koma á framfæri (Helm and Katz, 2001).



Mósaík-aðferðin

Loris Malaguzzi, aðalfrumkvöðull hugmyndafræðinnar sem er kennd við Reggio Emilia, sagði að börn hefðu hundrað mál. Í Englandi hefur verið þróuð svo kölluð mósaík-aðferð sem byggir á þessari hugmynd. Nafnið mósaík vísar til þess þegar verið er að setja saman litlar mósaíkflísar og skapa þannig heilstætt listaverk. Þannig er með mósaík-aðferðinni verið að sama skapi að notast við fjölbreyttar leiðir við að hlusta á raddir ungra barna og einnig þögn þeirra (Clark and Moss, 2001).

Helstu mósaík-flísarnar sem notaðar eru í þessari aðferð eru eftirfarandi:

- Gerðar eru athuganir á börnum í leik og starfi; hvað eru börnin að gera og hvað eru þau að segja?
- Tekin eru viðtöl við börnin; viðtalið er skipulagt og með opnum spurningum
- Myndrænar skráningar; ljósmyndir af börnum í leik og starfi, einnig myndir teknar af börnum og þau segja frá þeim
- Leiðsögn af börnum um svæðið; hvað sýna börnin og hvernig kynna þau svæðið?
- Kort af svæðinu teiknuð af börnum; þau velja stað sem þau vilja teikna og kynna, ræða hvað á að vera á teikningunni og hversvegna
- Viðtöl við foreldra
- Viðtöl við kennara

Leiðirnar geta verið mjög mismunandi en fjölbreytileikinn er það sem skiptir máli, þannig að við séum örugglega að hlusta á sem flest mál barnanna, bæði yrt og óyrt. Mósaík-aðferðin byggir á þeirri sýn að

börnin séu sérfræðingar varðandi eigið líf. Einnig gerir hún ráð fyrir því að það fari fram samræður á milli barna, starfsmanna og foreldra um reynslu og skilning barnanna (Clark and Moss, 2001).

Þessi aðferð hefur verið notuð til að skoða skólastarf út frá sjónarhorni barna. Hún er sveigjanleg og hentugt er að nota hana við ólíkar aðstæður.



Fjörulallar, það erum við!

Aðdragandi verkefnisins

Leikskólinn Bakki er staðsettur í mjög fallegu umhverfi þar sem allstaðar er stutt í náttúruna. Fjaran er hérum bil við lóðarmörkin, ekki þarf að fara langt til að koma að sprellfjörugri á, mikið fuglalíf er allstaðar og fögur fjallasýn í allar áttir. Þetta eru sem sagt kjöraðstæður fyrir útivist og þar af leiðandi einnig útinám.

Við tókum þátt í verkefninu Flóð og fjara, sem var samstarfverkefni við Náttúruskóla Reykjavíkur.

Markmiðið með þessu verkefni var að byggja upp heildstætt útinám, styrkja tengsl skóla við grenndarsamfélagið og auka þekkingu og virðingu fyrir fjörum Reykjavíkur (Heimasíða Náttúruskóla Reykjavíkur).

Áhugi barnanna var strax mjög mikill og kom okkur á óvart hvað þau voru fljót að læra um allt sem tengdist fjörunni. Lífríki fjörunnar er fjölskrúðugt og selirnir sem liggja makindalega upp á skerjum vekja óskipta athygli barnanna.

Þessi vinna okkar með börnunum vakti þó nokkra athygli og hafa bæði innlendir og erlendir gestir komið til að kynna sér þetta starf og alveg heillast af því.

Við vorum í formlegu samstarfi við Náttúruskóla Reykjavíkur í tvö ár (2006-2008). Vorið 2008 fannst okkur vera kominn tími á að þróa þetta frábæra starf og þá með það í huga að dýpka útinámið enn frekar með börnunum, fara í meiri rannsóknarvinnu með þeim og fá þeirra hugmyndir fram um hvað væri hægt að kenna börnum í öðrum leikskólum. Einnig langaði okkur að vera með lifandi upplýsingaflæði á heimasíðu leikskólans sem væri í dagbókarformi þar sem væri bæði texti og myndir.

Við sóttum um styrk í Þróunarsjóð leikskóla til að þróa útinámið okkar. Verkefnið okkar köllum við „Fjörulallar, það erum við!“ Við vorum svo heppin að fá úthlutað styrk og því var lagt af stað með verkefnið.



Markmið

Við lögðum þá línu strax að vera mjög opin fyrir því að fylgja áhuga barnanna og láta þau leiða þetta verkefni áfram. Þó var ákveðið að setja niður þrjú markmið til að ramma verkefnið aðeins inn og vísa leiðina í upphafi.

Markmiðin eru eftirfarandi

- Þróa útinámið út frá áhuga og forvitni barnanna
- Gera hugmyndabanka með barnahópnum sem önnur börn geta nýtt sér
- Vera með lifandi upplýsingaflæði á heimasíðu leikskólans



Lýsing á verkefninu

Það má segja að undirbúningsvinnan fyrir þetta verkefni hafi byrjað þegar ákveðið var að setjast niður og sækja um styrk í Þróunarsjóð leikskóla, því þá voru línurnar lagðar.

Þátttakendur voru þrír elstu árgangarnir í leikskólanum Bakka, samtals 52 börn. Verkefnastjóri er Valdís Edda Hreinsdóttir og Ingibjörg E. Jónsdóttir sem er ábyrgðamaður, ritstjóri og bókari. Við fengum einnig til liðs með okkur Rakel G. Magnúsdóttur sem hefur leiðbeint okkur og hjálpað í tölvu- og upplýsingatækninni.



Strax í apríl 2008 var farið af stað með dagbók á heimasíðu leikskólans www.leikskolinn-bakki.is og markvisst sett inn í hana einu sinni í viku. Í dagbókinni er fléttað saman texta og myndum, þannig að börnin geti sagt foreldrum, vinum og vandamönnum frá með hjálp myndanna. Dagbókina er að finna undir takkanum Fjörulallar.



Aðalþróunarvinnan hófst síðan haustið 2008. Sjálfur barnahópurinn gegnir náttúrulega lykilhlutverkinu í þessari vinnu. Börnin byrjuðu að fara í reglulegar ferðir niður í fjöru strax í byrjun september þegar allir voru komnir úr fríi og nýju börnin komin í fulla vistun.

Hver fjöruferð byrjar í raun á samverustund inni í sal. Þar er farið í hvaða dagur er og mánuður, hvernig veður er úti og hvernig þau þurfi að klæða sig til að geta farið í fjöruferð. Síðan er upprifjun úr síðustu ferð, bætt í þekkingarvefinn og tekin ákvörðun um það hvað á að kanna í sjálfri ferðinni. Út frá þeirri ákvarðanatöku er tekinn saman sá búnaður sem þarf að taka með. Þegar þessari stund er lokið er farið að klæða sig og síðan er tölt niður í fjöru og allir halda í vinabandið.



Í fjörunni fer svo sjálf rannsóknarvinna barnanna fram. Oft er einnig farið í leiki, frjálsi leikurinn er í hávegum hafður og nestisstundin er ómissandi. Á meðan börnin borða nestið er spjallað saman um upplifanir þeirra í fjörunni og rifjað upp í sameiningu hvað þau hafa fundið og séð.

Stundum vinna hóparnir heima að ýmsum verkefnum er tengjast fjörunni, svo sem lesnar bækur um fjöruna og íbúa hennar, farið í spil þar sem fjaran kemur við sögu, ýmsa leiki og myndsköpun þar sem börnin túlka upplifanir sínar.

Stærsti hlutinn af þessu þróunarverkefni er að hlusta á raddir barnanna; hvað vekur áhuga þeirra, hvað vilja þau kanna og hvaða hugmyndir hafa þau um fjöruna og íbúa hennar?

Í sjálfri fjöruvinnunni með börnunum er stuðst við könnunaraðferðina. Í þeirri aðferð er það áhugi barnanna sem leiðir vinnuna áfram.

Til að hlusta á raddir barnanna notum við hugmyndafræði mósaík-aðferðarinnar.



Niðurstöður verkefnisins

Í september var tekin upp umræða barnanna um fjöruna og íbúa hennar. Kom þar vel í ljós hvað þau voru fróð um fjöruna og ekki búin að gleyma neinu. Eftir fyrstu fjöruferð haustsins voru börnin mjög spennt fyrir selunum sem eru mikið á svamli við fjöruborðið. Þannig að vinnan beindist fyrst að þeim en síðan að ýmsu öðru eins og til dæmis þaranum, fuglunum, skeljunum og umgengninni um fjöruna.

Það sem hefur einkennt þetta verkefni er fyrst og fremst óþrjótandi áhugi barnanna og mátti verkefnastjóri hafa sig allan við að verða sér úti um fróðleik til að geta hjálpað börnunum að fá svar við spurningum sínum. Ýmsar spurningar, vangaveltur og hugmyndir komu frá börnunum. Til dæmis:

- Hvað heitir allur þarinn í fjörunni?
- Af hverju er froða í fjörunni, er þetta sápufroða?
- Það er eins og regnbogi í læknum, hvernig komst hann þangað?

Samverustundirnar fyrir fjöruferðirnar komu mjög vel út, en þá er farið yfir veður, klæðnað og hvað við ættum að gera í fjöruferðinni. Börnin eru mjög dugleg að koma með tillögur um það hvað ætti að gera. Auðvitað kemur þó stundum fyrir að sú tillaga breytist þegar komið er niður í fjöru, þar sem börnin sjá eitthvað annað sem



vekur meiri áhuga og þá er vitaskuld um að gera að virkja það.

Eftirfarandi er dæmi um nokkrar hugmyndir barnanna:

- Skoða marflær og fjörulýs með stækkunargleri
- Setja sjó í glæru fötuna okkar og skoða hvort við sjáum einhver dýr
- Velta við steinum og athug hvort við finnum marflær
- Skoða þara og læra hvað hann heitir
- Teikna og skrifa í sandinn
- Gera stafina okkar með steinum
- Brjóta klaka af klettum
- Frábær hugmynd kom frá börnunum þegar þau fundu stóra fötu í fjörunni. Við notum hana bara sem ruslafötu þá þurfum við ekki að nota plastpoka undir ruslið sem við tínum í fjörunni!



Í október var tekin sú ákvörðun að kaupa sér myndavél handa börnunum og vatnshelt box utan um hana. Börnunum var kennt á myndavélina og farið í það hvernig teknar eru nærmyndir og fjærmyndir. Síðan var farið niður í fjöru og börnin tóku nærmyndir þar. Þessi myndataka kom okkur virkilega á óvart. Myndir barnanna voru alveg magnaðar, það var eins og þær væru teknar af færum ljósmyndurum. Myndirnar vöktu mikla athygli bæði gesta og gangandi. Út frá þessu var ákveðið að fara af stað með ljósmyndaverkefni sem við köllum „Með augum barna.“ Við vinnum það verkefni í rafrænu samstarfi við nokkur Evrópsk lönd í gegnum eTwinning. Verkefni þetta fer ört stækkandi og var meðal annars styrkt af Barnavinafélaginu Sumargjöf núna á vordögum.



Börnin hafa alltaf verið mjög upptekin af því hvað á heima í fjörunni og hvað ekki. Það er sem sagt ruslið í fjörunni sem á ekki heima þar. Börnin tína það og taka með sér heim í leikskóla til að setja það í ruslatunnuna. Ef um mjög stóra hluti, eins og stórar spýtur eða járnarusl, er að ræða þá setja börnin það upp við göngustíginn þannig að starfsmenn borgarinnar geti tekið það þegar þeir eiga leið um.



Út frá þessum áhuga barnanna kom sú hugmynd að leikskólinn gerðist skóli á grænni grein og varð það úr í nóvember. Áhugi barnanna er mikill á þessu verkefni og vildu þau fá að flagga grænfánanum strax, þannig að sótt var um hann og fáum við að draga hann að hún á sumarahátíð leikskólans 24.júní.



Af þessu sést að hugmyndir barnanna og áhugi þeirra getur leitt okkur inn á margar spennandi slóðir. Þó svo að ljósmyndaverkefnið „Með augum barna“ og það að gerast umhverfisvænn leikskóli séu tvö sjálfstæð verkefni þá eru þau einnig samtvinnuð bæði hvort

öðru og Fjörulalla-verkefninu.

Margir sem eru í umhverfisverndinni hafa umhverfisálf eða einhverja aðra veru sem einkennistákn. Hér á Bakka kom alls ekkert annað til greina en að vera með sel. Börnin gerðu stóran sel úr hænsnaneti og dagblöðum. Þetta var samvinnuverkefni. Síðan var samið handrit að stuttmynd og fjallaði það um selinn Snorra sem börnin fundu niðri í fjöru flæktan í net. Þau björguðu honum og nú býr hann hjá okkur í leikskólanum. Öll börnin á Bakka tóku þátt í myndinni, en næst elsti árgangurinn lék aðalhlutverkið, þar sem sá árgangur er umhverfisnefnd leikskólans.



Áhugi og virkni barnanna hefur orðið til þess að þetta fjöruverkefni hefur í raun fléttast inn í nánast allt starf leikskólans.

Markmiðin sem sett voru í upphafi verkefnis hafa náðst og rúmlega það, því eins og komið er fram hér þá leiddi þessi vinna okkur inn á ótroðnar slóðir, samanber ljósmyndaverkefnið „Með augum barna.“



Útinámið er búið að þróast út frá áhuga og forvitni barnanna. Má segja að áður hafi útinámið verið í formi þess að skoða lífríki fjörunnar og njóta útiverunnar. Þessi atriði eru enn í hávegum höfð, en hafa þróast í þá átt að nú sé meira um náttúru- og umhverfisvernd. Börnin eru mjög meðvituð um það að þau eru í heimsókn í fjörunni og þar búi fullt af öðrum lífverum, því verði þau að ganga varlega og vel um. Þau settu sér tvær grundvallarreglur sem þau fara alltaf eftir, þær eru:

- Ef velt er við steinum til að skoða hvað býr undir, þá þarf að velta þeim við aftur þar sem þetta er heimili margra lífvera og það má ekki skemma það
- Ekki má kasta steinum í fjörunni, því þá væri hægt að slasa einhver dýr og hvort annað



Þau eru þannig mjög virk í að ganga vel um bæði þannig að þau skemmi ekkert og fjarlægja það sem ekki á heima í fjörunni.

Mjög vel hefur gengið að gera hugmyndabanka með börnunum, þá hefur bæði verið nýttar hugmyndir þeirra og einnig þróað með þeim hugmyndir úr bókum og af netinu.



Lifandi upplýsingaflæði á heimasíðu leikskólans hefur gengið frábærlega og vakið mikla athygli hjá utanaðkomandi aðilum, ásamt því að foreldrar hafa verið mjög ánægðir með að geta fylgst þannig með hvað börn þeirra eru að gera í þessu verkefni.

Það má segja að þetta verkefni sé orðið svo vafið inn í leikskólastarfið á Bakka að það sé orðið eitt af aðaleinkennum leikskólans. Mikið hefur verið um það að kennarar frá öðrum

skólum hafa markvisst komið til að skoða þetta starf og fá að fylgjast með vinnu barnanna niðri í fjöru. Meðal annars kom Ingibjörg M. Gunnlaugsdóttir leikskólaráðgjafi Leikskólaskrifstofu og verkefnastjóri í Lýðheilsu í heimsókn til okkar að fylgjast með. Við báðum hana að skrifa niður upplifun sína og endurmat á heimsókninni. Við fengum leyfi til að birta það bréf hér með skýrslunni, sjá fylgiskjal 1.



Virkni barnanna í þessu verkefni er mikil og skín áhugi þeirra af þeim þegar rætt er um fjöruna við þau. Þetta skilar sér í því að við starfsmennirnir á Bakka erum mjög stoltir af þessari vinnu og tölum mikið um það við vini og vandamenn. Þannig flýgur fiskisagan um verkefni þetta og það fær verðskuldaða athygli.

Við teljum að upplýsingaflæðið á heimasíðu leikskólans sé ein besta kynningin á þessu verkefni, enda eru heimsóknir þar inn mjög margar og fljótt að telja þegar ný frétt kemur inn.



Þegar efnahagskreppan bankaði á dyr hjá okkur Íslendingum og allar fréttir voru mjög neikvæðar og niðurdrepandi kom sú hugmynd að hafa samband við Fréttastofu Ríkissjónvarpsins og bjóða þeim að koma með frétt frá Bakka um fjöruferðir barnanna þar og ljósmyndun þeirra. Þeir páðu það og sýndu þar ljósmyndir barnanna sem voru nærmyndir í fjörunni.



Nemar frá Háskóla Íslands hafa komið til að fylgjast með þessari vinnu og skrifað um hana. Kennarar frá öðrum leikskólum og nemar frá Mímir hafa einnig fengið kynningu hjá börnunum á fjörunni og íbúum hennar.

Á opnu húsi leikskólans var sérstök kynning á Fjöruallaverkefninu, ásamt verkum eftir börnin, ljósmyndum og stuttmyndin var sýnd. Verkefnið vakti verðskuldaða athygli.

Ákveðið var að gera tilraun með að bjóða leikskólabörnum úr öðrum leikskólum að koma á Fjörualla-námskeið til barnanna á Bakka. Þetta gekk vonum framar og komust færri að en vildu. Það voru fimm leikskólar sem komust að með tæplega 180 nemendur.

Á vorhátíð Staðahverfis sem haldin var á uppstigningadag settum við upp sýningu til að kynna þetta frábæra starf, bæði voru teikningar og ljósmyndir eftir börnin, ásamt því að stuttmyndin var sýnd. Þetta vakti mikla athygli íbúanna í hverfinu.



Á Stóra leikskóladeginum 6.júní sem Leikskólasvið hélt settum við einnig upp kynningu. Tókum þar með okkur stuttmyndina, ljósmyndir og myndverk eftir börnin, stóra selinn Snorra, skeljar, margskonar efnivið og ljósmyndakynningar af vinnu barnanna.

Allar þessar kynningar hafa kveikt áhuga fólks á því hvað hægt er að gera magnaða hluti í útinámi með börnum. Galdurinn er að hlusta á börnin og virkja áhuga þeirra og forvitni.

Mat á verkefninu

Viðhorf kennara hefur breyst mjög á jákvæðan hátt frá því verkefni þetta hófst. Þar skiptir áhugi barnanna eflaust mestu um og hvað verkefnið hefur vafið upp á sig og fléttast inn í flesta þætti starfsins ásamt því að auðga það enn meira, samanber með umhverfisverndina og ljósmyndun barna.

Umsögn kennara:

- Verkefnið hefur gengið mjög vel og mikil tilhlökkun verið bæði hjá börnunum og starfsfólki fyrir hverja fjöruferð. Mikill spenningur hefur verið fyrir því að finna skeljar og allskyns gimsteina sem fjaran hefur upp á að bjóða. Alla jafna hafa komið fullir vasar af fjörugersemum til baka. Bæði börnin og starfsfólkið hafa lært heilmikið um hinar ýmsu lífverur sem fyrirfinnast í fjörunni okkar.
- Það hefur verið reglulega skemmtilegt að komast í fjöruna í hverri viku. Krakkarnir hafa lært rosalega mikið og við starfsfólkið líka.

Viðhorf foreldra eru einnig mjög jákvæð, en þeir foreldrar sem hafa látið skoðun sína í ljós eru mjög hrifin. Þau tala um að börnin hafi öðlast mikla þekkingu og viti orðið jafnvel meira en þau sjálf um lífríki fjörunnar.

Umsögn frá nokkrum foreldrum:

- Mér finnst þetta frábær vinna hjá ykkur í fjörunni og gaman að fara með börnunum niðri í fjöru og heyra hvað þau vita ótrúlega mikið um allt þar. Ég tók mig til og settist niður með dóttur minni til að finna út hvað hún hefur verið að gera í fjörunni undanfarið. Hún sagði mér fullt af fróðleik. Hún nefndi þrjár tegundir af þara; beltisþara, bóluþang og grænhimnu. Hún nefndi líka þrjár tegundir af skeljum; kúfiskel, hjartaskel og krækling. Sagði að það væri mest af krækling í fjörunni. Hjartaskel er samt uppáhald því hún er svo flott. Það kemur fyrir að hún segi eitthvað um fjöruna alveg uppúr þurru, þá er það eitthvað sem hefur verið til umræðu sama dag og er að brjótast um í henni
- Drengurinn minn talar ekki mikið um fjöruna hér heima að fyrra bragði, en ég held að það sé nú bara af því að hann er orðinn svo vanur því að fara í fjöruna að hún er orðin partur af lífinu. Hins vegar vorum við mjög stolt í fjörunni í



Stykkishólmi í sumar þegar hann þekkti allt með nafni - það var alveg frábært! Okkur finnst þetta verkefni alveg frábært og engin spurning að halda fjöruferðunum áfram – alltaf!

- Þessi vinna er alveg frábær og tengist vel mínum starfskenningum sem raungreinakennari. Það er afskaplega mikilvægt að móttvera börnin snemma. Kenna þeim um náttúruna og að umgangast hana með virðingu. Drengurinn minn talar mikið um þessar ferðir. Hann hlakkar alltaf til að fara í leikskólann því þar er alltaf eitthvað spennandi í gangi. Hann keypti sér til að mynda stækkunargler um daginn til að hafa með í fjöruferðum og til að fræða okkur hin. Síðan er hann sífellt að ræða þetta við afa sinn sem er sjómaður. Hann skákar honum stundum og mömmu sinni oft, sem hefur kennt líffræði. Þetta eru oft djúpar samræður. Þið eigið hrós skilið fyrir þetta verkefni.
- Ég er mjög ánægð með þessa vinnu hjá ykkur og flott að nota umhverfið í kringum skólann í svona góða fræðslu. Minn maður tjáir sig nú aldrei mikið um það sem hann er að gera í leikskólanum, það er ekki beint, en það koma meiri upplýsingar í gegnum aðra umræðu. Undanfarið hefur hann verið mikið að tala um marglittur og er mjög meðvitaður um að maður getur brennt sig á þeim. Talaði um að hann myndi ekki fara að synda í sjónum og spurði mig af hverju. Ég giskaði á að það væri af því hann væri svo kaldur, en þá voru það marglitturnar sem geta brennt mann. Einnig hefur hann talað um selina í sjónum og orma í fjörunni. Mér finnst líka frábært að þið séuð búnar að gera skólann að grænum skóla.

Viðhorf barnanna speglast úr ásjónu þeirra, því áhuginn er vissulega til staðar og ekki annað að heyra en þau hlakki alltaf jafn mikið til að vinna að verkefninu, hvort sem um eru að ræða ferðir í fjöruna eða vinna að því heima í leikskólanum (sjá umsögn þeirra í kaflanum Raddir og hugmyndir Fjörualla).

Það er ekki spurning að fjöruverkefni þetta getur gagnast öðrum skólum og alveg þess virði fyrir skóla að taka hana upp. Ekki er nauðsynlegt að hafa endilega aðgang að fjöru, því það er hægt að útfæra þessa vinnu hvar sem komist verður í tengsl við náttúruna.

Á heimasíðu leikskólans www.leikskolinn-bakki erum við með dagbók, undir takkanum Fjörualla, þar sem kemur fram hvað verið var að gera í fjöruverkefninu í hverri viku. Þessi dagbók mun halda áfram þó svo þróunarverkefni þessu sé formlega lokið. Einnig var sett upp sér dagbók í Umhverfisvernd og Með augum barna, þannig að það er auðvelt að fylgjast með okkur og fá hugmyndir.



Verið er að undirbúa hugmyndabanka út frá hugmyndum barnanna sem settur verður á heimasíðuna. Við höfum líka verið að taka á móti barnahópum frá leikskólum í Grafarvogi. Þá hafa tveir elstu árgangar á Bakka verið kennarar í fjöruferðunum og við höfum verið að rannsaka og fara í ýmsa leiki með þeim. Þetta hefur mælst mjög vel fyrir og gengið framár vonum.

Við teljum að nú þegar hafi orðið ákveðin vakning með útinámi í leikskólum Reykjavíkurborgar og er það Náttúruskóla Reykjavíkur að þakka. Við teljum það einnig Bakkabörnum að þakka þar sem þau eru búin að taka á móti alveg ótrúlega mörgum gestum, bæði fullorðnum og börnum, jafnt innlendum sem erlendum. Þau lifa sig vel inn í það sem þau eru að gera og hafa mikinn áhuga á lífríki fjörunnar. Þannig að með því að fara með börnin út í náttúruna og hlusta á raddir þeirra, þannig þróast útinámið áfram. Það er leiðarljósið okkar og gott veganesti fyrir þá skóla sem hyggja á útinám.

Það fer ekki á milli mála að þetta þróunarverkefni hefur haft mikil áhrif á skólastarfið í heild. Það náði að fléttast inn í flesta þætti starfsins og skapa ný áhugaverð verkefni. Það fer ekki fram hjá neinum sem kemur inn í leikskólann Bakka að þar er fjöruverkefni í gangi. Verk barnanna eru mjög sýnileg, bæði ljósmyndir, leirverk og myndverk. Selurinn Snorri sem er ristastórt samvinnuverkefni barnanna liggur makindalega í miðrýni leikskólans og fylgist með hvort allir gangi ekki vel um umhverfi sitt. Meira að segja ljósaseríur eru skreyttar með skeljum. Í raun flæðir þetta verkefni inn um allan leikskóla, bæði huglægt og hlutlægt.

Eins og fram hefur komið þá eru börnin mjög áhugasöm og virðast taka þátt í verkefninu af heilum hug. Verkefnastjóri er alveg himinlifandi yfir því hvað vel hefur tekist að vinna að þessu verkefni og þar er áhugi barnanna aðal hvatinn. Áhugi annarra kennara hefur aukist og allir eru áhugasamir og jákvæðir. Þessi vetur er búin að vera alveg frábær og algjör forréttindi að fá að vinna að svona skemmtilegu verkefni og í þessu umhverfi.



Raddir og hugmyndir Fjörulalla

Umsögn barnanna

Hvað segja börnin að sé skemmtilegast í fjörunni?

„Skemmtilegt, fara í leiki.“

„Mér finnst gaman að setja skeljar út í sjóinn.“

„Mér finnst gaman að klifra upp á grasið.“

„Mér finnst gaman að borða nesti og týna hjartaskeljar.“

„Mér finnst gaman að setja skeljar út í sjóinn og gaman að skoða steinana, hvað er undir þeim og hvað býr undir þeim og hvaða dýr eru undir.“

„Leita að skeljum.“

„Að týna kuðunga og skeljar.“

„Að moka.“

„Síðasta ferðin, þegar við vorum að vaða ofan í.“

„Sjá selina.“

„Moka í fjörunni... það eru demantar í jörðinni í fjörunni... líka gildra oní.“

„Mér finnst skemmtilegast að grafa í sjóinn og finna fjársjóð.“



Hvað segja börnin að sé ógeðslegt í fjörunni?

„Að henda rusli.“

„Hundakúkur í plastpoka.“

„Vaða til hákarla.“

„Krabbi.“



Hvað segja börnin að sé fallegast?

„Selirnir.“

„Kóparnir.“

„Pabbaselur.“

„Hjartaskeljar.“



Hvað telja börnin sig búin að læra á fjöruferðunum?

„Finna skeljar.“

„Hjartaskel.“

„Kúfskel.“

„Olnbogaskeljar.“

„Kuðungar.“

„Klettadoppur.“

„Ég fann einu sinni krabba og skolaði hann.“

„Marfætlur sætar.“

„Endur og urtur.“

„Um krabba og skeljar.“

„Seli og fugla.“

Endurmat elsta árgangsins

Lítið endurmat var gert með elsta árganginum og fengum við sumarstarfsmann (kennaranema) til að spjalla við þau um fjöruferðirnar. Viðkomandi starfsmaður hefur ekki farið í fjöruferðir með börnunum.

Hvað eruð þið búin að vera að gera í fjörunni?

„Skoða skeljar.“

„Við búðum til kórónu.“

„Týna kuðunga.“

„Við vorum líka að segja gestunum hvað heita kuðungarnir og skeljarnar og selirnir.“

„Við fengum líka að fara í leiki.“

„Ég fann egg... tjaldarnir áttu það.“

„Við borðuðum kremkex í nestinu.“

„Vaða út í sjó.“

„Gestirnir voru að spyrja okkur hvað heitir allt.“

„Við fórum í marfætluleik... allir loka augunum nema fremsti.“

„Grilluðum og fékkum okkur pulsu.“

Af hverju fóruð þið í fjöruna?

„Til þess að læra.“

„Til að læra hitt og þetta... fórum upp á hólmann.“

„Líka að sjá hvernig krabbarnir eru á litinn.“

„Lærðum hvað skeljarnar heita og kuðungarnir.“

„Til að læra hvernig krabbar labba.“

„Líka til þess að læra hvað hrúðurkarlar heita.“

„Til að læra hvað krabbar heita.“

Hvað getið þið kennt mér um fjöruna?

„Hvað krabbar heita og skeljarnar.“

„Við getum kennt þér marfætluleikinn.“

„Það eru klakar í klettunum og þá má ekki fara í klettana.“

„Ekki fara í lækinn og ekki kasta stein í sjóinn. Það eru reglur í fjörunni, maður getur kastað í selina eða krakkana. Megum ekki fara í lækinn því hann getur verið mengaður frá bílunum, maður getur líka blotnað.“

„Ekki fara lengra í sjó en hné þegar það má vaða.“

„Setja steinana á sinn stað. Það eru líka dýr sem á heima undir steinunum.“

„Ef þú finnur bláa skel, er það kræklingur.“

„Skel sem er brún og hvít heitir kúskel... og ef þú finnur aðra sem er alveg hvít og lítil er það hjartaskel.“

„Ef þú finnur svona með oddum, þá er það ígulker.“

„Selirnir heita... ef lítill þá er það kópurinn og ef þú sérð tvo stóra seli, þá er það urta og brimill.“



„Ef þú finnur aðra hvíta skel þá er það sandskel.“

„Skel sem er alveg hvít og með línum á er hjartaskel.“

„Ef þú finnur skel sem er svona (teiknar með fingrinum í loftið eins og v á hvolfi). Er það olnbogaskel.“

En af hverju þurfið þið að vita þetta allt?

„Til að segja mömmu sinni og pabba.“

„Til þess að einhver kemur í heimsókn til okkar, getum við kennt þeim.“



Þekkingarvefurinn

Þegar við byrjuðum að vinna verkefnið „Flóð og fjara“, í samstarfi við Náttúruskóla Reykjavíkur, settum við með hverjum árgang upp þekkingarvef. Þekkingarvefurinn byggir á því að um leið og börnin eru búin að auka við þekkingu sína um tiltekið efni þá er því bætt inn á vefinn.

Sami háttur var hafður á í þessu verkefni, en um áramótin kom sú hugmynd að vera bæði með texta og ljósmynd af því sem börnin þekktu úr fjörunni. Okkur fannst þetta frábær hugmynd sem komið var strax í verk. Við áttum nóg af ljósmyndum, þannig að þetta var auðvelt.



Þetta hafði alveg ótrúleg áhrif þar sem börnin höfðu nú miklu meiri áhuga á vefnum, þau bæði skoðuðu hann meira, ræddu um hann og æfðu sig í að lesa.



Þekkingarbók

Í beinu framhaldi af því að hafa þekkingarvef barnanna myndrænan kom sú hugmynd að gera þekkingarbók. Eru þar notaðar sömu myndirnar og eru í vefnum. Myndirnar eru límðar á pappír og síðan er þetta plastað. Nokkur þannig spjöld eru lykkjuð saman. Þessar bækur munu síðan vera til útláns úr Bakka-bókakoffortinu (við lánum bækur leikskólans úr því kofforti yfir vetrartímann).

Þekkingarbókin er enn í þróun, því hugmyndin er að textinn sem verður í þeim komi frá börnunum sjálfum. Það verður spennandi vinna en áætlað er að sú vinna fari af stað næstkomandi haust.



Veðurfar og klæðnaður

Áður en lagt er af stað í fjöruferðirnar, hittast börnin inni í sal. Þar er farið yfir það hvaða árstíð er, mánuður og dagur. Síðan er kannað hvernig veður er úti og hvernig klæðnað þurfi að vera í til að líða vel í fjörunni.

Myndum er raðað á segultöflu í samræmi við niðurstöðu þessara umræðna.



Hvað leynist í bakpokunum?

Í hverri fjöruferð eru teknir með tveir til fjórir bakpokar, allt eftir því hvað á að fara að rannsaka og skoða.

Í einum bakpokanum er þó alltaf ákveðinn grunnbúnaður, sem er lítill sjúkrakassi, nóg af plástri, skæri, snýtubréf, ruslapoki, nesti og myndavél. Í öðrum bakpokum getur ýmislegt leynst, svo sem; glærar fötur, skóflur, stækkunargler, víðsjá, kikir, litlar glærar dollur, bakkar, mismunandi litur pappír, band, hitamælir og bækur, svo eitthvað sé nefnt.



Búnaðurinn fer algjörlega eftir því hvað það er sem vekur áhuga barnanna og hvað þau vilja rannsaka nánar.

Rannsóknir barnanna í fjörunni

Margt vakti athygli barnanna í fjörunni og þá mest það sem var lifandi og auðvitað allar skeljarnar.



Velt var við steinum og skoðað undir þá með stækkunargler við hönd. Marflærnar og fjörlýsnar voru mjög spennandi.

Sjór var settur í glæra fötu og kannað hvort eitthvað fyndist lifandi þar og vitið menn, þar voru pínulítill smádyr í sjónum. Þetta voru fjörumorar sem hoppuðu á sjónum í fötunni.



Þarinn var skoðaður og honum velt við. Þar leyndust bæði marflær og þanglýs. Stundum fundust einnig krabbar í þaranum og voru það litlir bogakrabbar.

Sandur var settur á pappír og kannað hvort eitthvað kvíkt fyndist þar.

Áhuginn var mikill á skeljum og kuðungum, þannig að mikið var týnt af þeim. Bækur voru skoðaðar um skeljar og sáu þá börnin fleiri

tegundir og fóru þá að leita markvisst að þeim í fjörunni, samanber olbogaskel og sandskel.

Fljótlega tóku börnin eftir því að fjaran var mismunandi mikil og fóru í framhaldi af því að velta fyrir sér flóði og fjöru. Þau gerðu tilraunir í fjöruferðunum með því að setja niður tvær spýtur við sjávarborðið og strekkja band á milli. Út frá þessu sáu þau hvort flæddi að eða frá, á meðan þau voru. Þannig gerðu þau sér grein fyrir því hvort það var flóð eða fjara. Í litlum hólma í fjörunni voru yfirleitt nestisstundir, en það gat verið fljótt að flæða að honum og þurftu því börnin að vera vel vakandi fyrir því hvort það væri ekki örugglega í lagi að vera þar.



Meðan áhuginn var á flóði og fjöru voru gerða ýmsar tilraunir. Stundum var raðað steinum meðfram sjónum og fylgst með því hvort steinarnir færu á kaf eða ekki. Prófað var einnig að grafa djúpa holu og kanna hvernig hún yrði næst þegar þau kæmu í fjöruna.



Selirnir vöktu allaf sömu gleðina. Virtist það oft vera gagnkvæmt, því selirnir dormuðu oft á skerjunum þegar börnin komu, en vöknudu og fylgdust með þeim af forvitni. Stundum syntu þeir meira að segja á eftir barnahópnum þegar hann færði sig.

Selirnir voru alltaf taldir og mikið spáð í það hver væri brimillinn, hver urtan og hvort það væri ekki lítill kópur á skerinu. Selirnir urðu hálfgerðir vinir barnanna í hugum þeirra.

Fuglalífið er þó nokkuð í fjörunni og vekja þeir alltaf athygli barnanna, en þeir eru fljótir að flögra í burtu. Þó geta börnin aðeins fylgst með þeim þegar þeir svamla í sjónum eða sitja í skerjum. Núna í vor var elsti árgangurinn svo heppinn að finna hreiður tjaldsins og í því voru þrjú egg.



Fjörupollar voru skoðaðir og var þá gott að vera með glæru föturnar. Hverjir bjuggu í pollunum? Það voru helst marflær sem fundust, en einnig fannst sprettfiskur einu sinni.

Steinar og klettar vekja athygli barnanna. Þau eru oft að leita að óskasteinum og þeim finnst gaman að klifra í klettunum. En það leynist margt á steinum og klettum. Þau hafa fundið mikið af hrúðurkörslum sem sitja fastir á klettum og á mörgum steininum eru litlir hvítir hringir sem eru eftir kalkpípuorm. Á sumum steinum er svampur og stundum er meira að segja þöngulhaus fastur á steini. Þarinn festir sig einnig oft á steinum og klettum. Litlu kræklingarnir eru víða í raufum klettanna, þar leynast einnig klettadoppur.

Þegar kólnaði í veðri og komið var frost, fékk klakinn í fjörunni óskipta athygli. Börnin voru mjög upptekin af því að skoða hann, renna sér á honum og safna í hrúgur.



Núna í maí varð uppi fótur og fit í einni fjöruferðinni, börnin fundu risa stórt skrímsli. Kjarkurinn var ekki mikill að skoða það mjög náíð, en að lokum tók eitt barnið sig til og lét vaða að lyfta skrímslinu upp með priki. Við nánari athugun kom í ljós að þetta var burstormur eða svokallaður risaskeri. Þetta vakti mikla athygli og þurftu bæði börn og fullorðnir mikið að tjá sig um þennan atburð.

Stundum var verið að hlusta á hljóðin í fjörunni og voru þau oft upptekin af því hvað heyrðist í sjónum.

Börnin kynntust því í fjöruferðunum hvernig sjórinn og fjaran í heild sinni litu út á mismunandi árstíðum, veðráttu og dagsbirtu. Oft var umræða á milli þeirra hvort selunum væri kalt eða hvar marflærnar væru þegar allt var frosið. Þau tóku einnig eftir því að það var mismunandi hvaða skeljar var mest af.

Vinsælir leikir í fjörunni

Auðvitað var alltaf mjög spennandi og gaman að moka í fjörunni. Gera langa læki og djúpar holur, sem fylltust oft sjálfar af sjó. Stundum voru þau að moka eftir fjársjóð og stundum til að kanna hvort þau myndu finna eitthvert dýr.

Klettaklifur og að hoppa á steinum var ögrandi og vinsælt.

Þeim fannst gaman að leika sér við öldurnar. Þá gengu þau að fjöruborðinu og hlupu í burtu þegar aldan kom. Þessi leikur vakti alltaf gleði og kátínu... og stundum blautar tær.

Þegar sjórinn var lygn dunduðu börnin sér oft við að láta skeljarnar fljóta á honum. Þau komust fljótt að því að kræklingurinn var bestur, hann flaut lengi og stundum mjög langt út, á meðan kúskelin sökk strax.

Litaleikurinn, þar sem börnin fá litaspjöld og leita að einhverju sem hefur sama litinn er skemmtilegur. Þeim finnst oft alveg ótrúlega mikið til af litum í fjörunni, enda mjög dugleg að finna réttu litina.

Marfætluleikurinn er sívinsæll. Þá fara börnin í röð og halda í axlirnar á hvort öðru. Allir loka augunum nema sá sem er fremstur, hann er augu allra og stjórnar ferðinni. Þannig hlykkjast röðin áfram, alveg eins og marfætla.

Sett var stundum upp hljómsveit í fjörunni. Börnin velja sér þá tvo steina eða skeljar og slá taktinn með því eða nudda saman. Síðan er sungið og trallað.



Stundum eru búin til listaverk í fjörunni úr hlutum sem þar finnast. Þá er til dæmis raðað steinum til að gera útlínur og fyllt upp í með skeljum og þara.

Það að teikna og skrifa í sandinn er vinsælt. Einnig kom sú hugmynd í einni ferðinni að gera stafinn sinn eða nafnið sitt, með því að raða steinum. Hefur það síðan verið þó nokkuð gert.

Auðvitað er alveg kjörið að fara í alla gömlu góðu hópleikina, eins og til dæmis; eltingaleik, Fram, fram fylking og kapphlaup, svo eitthvað sé nefnt. Síðan er um að gera að útfæra þá jafnvel í samræmi við umhverfi fjörunnar. Í staðinn fyrir að syngja „Í grænni lautu“ mætti syngja „Í fjörunni minni þar geymi ég gullið sem mér var gefið...“ Gullið væri síðan einhver fjörugersemi.

Alltaf er gaman að vaða og skoða ofan í sjóinn. Margir verða blautir í fætuna þar sem þeir gleyma sér í þessum leik. Þess vegna færast oft fjör í leikinn þegar veður verður það gott að hægt er að draga af sér stígvélín og bretta upp buxaskálmarnar og vaða út í sjó. Þó svo sjórinn sé glettilega kaldur þá er þetta spennandi og skemmtilegt.

Börnin fóru í ýmsa flokkunar- og stærðfræðileiki. Það var til dæmis verið að finna eitthvað sem var lifandi og annað sem var ekki lifandi. Finna litla skel og stóra og síðan jafn vel enn stærri. Börnin týndu þó nokkuð af skeljum og settu í hrúgu. Síðan flokkuðu þau skeljarnar eftir tegundum og töldu síðan hvað það væru margar af hverri tegund. Stundum þegar börnin voru búin að vera að týna ýmsa fjársjóði. Þá voru þau beðin að flokka það í tvo hópa, annarsvegar í það sem átti heima í fjörunni og hinsvegar það sem ekki átti heima þar.

Eins og komið hefur fram þá fara börnin í flestum veðrum niður í fjöru og kynnast henni þannig á mismunandi vegu. Stundum er hlýtt og gott þannig að hægt er að vera berfættur. Á veturna er oft mjög mikið rok og ýfist þá sjórinn vel upp. Einnig getur verið beljandi rigning og allt þá mjög dökkt og erfitt að finna nokkuð. Síðan er það snjórin sem getur verið yfir öllu þannig að lítið er að sjá annað en mishæðótt landslag. Í frostum klæðir klakinn klettana í hálán klæðnað. Börnin eru svo hugmyndarík og alltaf stutt í leikinn að þau láta veðrið ekki hamlu, heldur leika sér og rannsaka í samræmi við það. Þannig finnst þeim mjög gaman að renna sér á klakanum, gera engla í snjóinn og láta vindinn feykja sér.

Á leiðinni heim úr fjöruferð er á brattan að sækja og því oft þung og erfið skref. Þá skiptast börnin á að segja einhverja tölu, síðan tekur allur hópurinn jafn mörg skref. Þessi einfaldi leikur auðveldar heimferðina.



Unnið heima í leikskóla

Í myndsköpun unnu börnin mikið í leir og gerðu meðal annars þessa finu seli, krossfiska og krabba.



Elsti árgangurinn vann með selafjölskylduna og gerði í framhaldi af því mjög skemmtilegar teikningar af þeim, sjá sýnishorn á fylgiskjali 2.

Margskonar föndurhugmyndir vöknudum um það hvað hægt væri að gera úr efniviði úr fjörunni:

- Mála innan í skeljar með glimmermálningu og gera óróa úr þeim
- Festa skeljar á ljósaseríu
- Búa til hálsmen úr skeljum
- Líma skeljar meðfram teikningu eða ljósmynd og hafa það sem ramma
- Sama er hægt að gera með þurrkaðan þara
- Líma skeljasand utan um sultukrúkku
- Pressa og þurrka þara, líma hann síðan á bókaplást
- Gera stórt fjörolíkan og merkja jafnvel inn á heitin á þeim munum sem eru úr fjörunni
- Gera hljóðfæri með því að líma grófan franskan rennilás á litla steina og skeljar. Börnin fara síðan í þrjónaða fingravettlinga og festa steinana eða skeljarnar á þumalfingur og vísifingur (jafnvel fleiri putta) og slá því þannig saman. Þetta er þá svipað og kastaníetta
- Skreyta steina og nota þá sem hljóðfæri, það er sleginn takturinn með þeim
- Sama er hægt að gera við skeljar, en einnig er hægt að spila á þær með því að nudda þeim saman
- Þræða saman skeljar og kuðunga á nokkra spotta sem síðan eru bundnir á lítið prik, þá er komin fín hrista
- Gera steinakalla og líma skeljar, kuðunga og þara á þá sem klæðnað
- Líma skeljar utan um blómsturpott og jafnvel sand einnig

Börnin fóru í bókasafnið og náðu þar í bækur til að afla sér nánari fróðleiks um íbúa fjörunnar og annað sem henni viðkemur. Auðvitað voru einnig lesnar sögur og ævintýri tengdum fjörunni og var þar Selurinn Snorri vinsælastur.

Þrjár handbrúður voru með okkur í þessu verkefni, þær voru yfirleitt með börnunum í samverustundinni fyrir fjöruferðirnar, en komu þó stundum með niður í fjöru. Þetta voru selurinn Snorri, músin Mýsla og hrafninn Krummi.



Minnisspil með ljósmyndum af íbúum fjörunnar og öðrum gripum þaðan, hefur verið mjög vinsælt hjá börnunum.

Annað vinsælt spil er að vera með nokkra hluti úr fjörunni sem börnin þekkja, breiða síðan teppi yfir og fjarlægja einn hlut og börnin eiga að finna út hvað vantar.

Þriðja spilið sem vekur áhuga er einnig minnisspil. Þá eru tveir eins hlutir faldir undir sitthvoru glasinu. Þannig eru mismunandi pör falin undir nokkrum glösum og börnin eiga að finna tvo eins hluti. Börnin kalla þetta glaspilið.

Vera með lottó þar sem börnin fá spjald með nokkrum myndum af munum úr fjörunni. Vera síðan með sömu hluti í poka. Draga síðan upp og spyrja hver sé með hann.

Eftir áramót var haft samband við Hafró og kannað hvort hægt væri að fá sjávardýr til að sýna börnunum. Við fengum nokkrar tegundir af fiskum, sæbjúga, nokkra krossfiska, pétursskip og risa-hrúðurkarl. Börnin skoðuðu þetta, fyrst voru þau hálf smeyk en síðan færðist fjör í leikinn og það varð mjög spennandi að koma við þetta.

Það er hægt að varpa hreyfimyndum af fjöru- og sjávardýrum upp á vegg. Skoða þannig hvert dýr fyrir sig með börnunum, ræða um þau og síðan að fá börnin til að leika dýrin og hreyfa sig eins og þau. Þetta er virkilega skemmtilegt. Einnig er gaman að skoða öldugang í sjónum og láta börnin leiðast og hreyfa sig síðan eins og hann.

Elsti árgangurinn gerði tvær sögubækur. Byrjað var á því að hópurinn settist niður með verkefnastjóra, selum sem börnin höfðu mótað í leir og handbrúðunum; selnum Snorra, Mýslu mús og hrafninum Krumma. Handbrúðurnar voru aðalsögupersónurnar og skipti Mýsla meira að segja um nafn og heitir í sögunni Karlotta. Bækurnar eru sem sagt tvær og er önnur með teikningum eftir börnin sem þau gerðu við söguna. Hin er með ljósmyndum, þar sem börnin ákváðu að leika þá sögu. Í fylgiskjali 3 er sýnishorn af blaðsíðu 1 og 2 í bókinni sem er skreytt með teikningum barna og blaðsíðu 1 og 10 úr bókinni þar sem eru ljósmyndir af leiksetningu barnanna við sögu þeirra.

Hreyfimyndagerð með börnunum. Gerð var tilraun með að láta börnin gera hreyfimynd. Þau sömdu smá sögu og síðan voru leikföng notuð til að leika í myndinni. Þetta kom ótrúlega vel út og er hugmyndin að gera svona hreyfimynd niðri í fjöru í sumar/haust.



Fjörújól

Í desember var ákveðið að halda sér litlu jól í fjörunni. Elsti árgangurinn fór fyrstur niður í fjöru og hlóð úr steinum jólatré (vörðu). Efst á topp jóla-steina-trésins var sett útikerti. Selurinn Snorri fékk lánaða jólahúfu og kom með niður í fjöru. Dansað var í kringum jólatréð og sungið datt. Þetta var alveg ótrúlega skemmtileg stund.

Síðan fóru hinir tveir árgangarnir sitthvorn daginn niður í fjöru að halda sín fjörújól. Við vorum svo heppin að jólasteinatréð stóð þannig að ekki þurfti að búa til nýtt í hverri ferð. Ef eitthvað var þá varð það alltaf fallegra og fallegra, þar sem snjór og klaki skreytti það.



Sjávardýrasafnið

Í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum er starfrækt sjávardýrasafn. Þar er í boði fyrir leikskólabörn námskeiðið „Brettum upp ermarnar.“ Í janúar var ákveðið að fara með tvo elstu árgangana á þetta námskeið. Þau fengu að skoða í stór glær fiskaker og síðan var grunnt ker þar sem leiðbeinandinn tók dýrin upp og leyfði börnunum að skoða þau nánar.



Þetta var góð ferð og börnunum fannst spennandi að skoða sjávardýrin. Auðvitað var síðan farið og kíkt í heimsókn til allra hinna dýranna.



Ljósmyndun barna

Þar sem mikið hefur verið rætt um það undanfarin ár að það sé mikilvægt að hlusta á raddir barna og það á sem fjölbreyttastan máta, þá var tekin sú ákvörðun að kaupa góða myndavél sem eingöngu er fyrir börnin. Þar sem börnin eru í fjöruferðum í mismunandi veðri var einnig keyptur vatnsheldur kassi utan um myndavélina. Þessi kassi kom okkur á óvart. Börnin áttu mun auðveldara með að taka myndir þegar myndavélin var í kassanum, ef þau voru með þykka vettlinga á höndunum. Þannig að í íslenskri vetrarveðráttu er þessi vatnsheldi kassi mjög góður og í raun alveg nauðsynlegur.

Farið var með myndavélina niður í fjöru og börnunum kennt umgengni á henni og hvernig hún virkaði. Síðan fengu þau að prófa og læra um muninn á nærmyndatöku og fjærmyndatöku. Að lokum tóku börnin ljósmyndir í fjörunni og var það nærmyndataka. Útkoman var hreint út sagt frábær og urðu allir alveg heillaðir af þessum myndum barnanna.



Börnin eru alveg frábærir myndasmiðir. Við ákváðum því að grípa

tækifærið og fara af stað með annað sér verkefni, sem við köllum „Með augum barna.“ Þar sem við höfum þó nokkuð verið í eTwinning, sem er rafrænt skólasamstarf í Evrópu, datt okkur í hug að vera með þetta verkefni þar. Við fengum þrjú lönd með okkur í samstarf, þ.e. Möltu, Rúmeníu og Þýskaland, fleiri hafa viljað taka þátt en þar sem við erum að þróa þetta þá einskorðuðum við okkur við þessi þrjú lönd, en hugmyndin er að fjölga þeim til muna.

Í hnotskurn mætti segja að með verkefni þessu séum við að þróa:

- Hugmyndir barna um ljósmyndir
- Hugmyndir fullorðinna um ljósmyndun barna
- Skoða hvað börnin eru að segja okkur í gegnum myndatökuna, þ.e. þeirra sjónarhorn og raddir
- Spennandi samstarfsverkefni við önnur Evrópulönd, þar sem við sjáum heiminn með augum barna í gegnum ljósmyndir þeirra
- Virkja foreldra í þessari vinnu og teljum við það opna þeim nýja sýn þar sem þeir sjá betur hvað vekur athygli barna þeirra

Hugmyndin er að setja upp sér heimasíðu þar sem ljósmyndun barnanna, vinna þeirra og raddir yrðu sýnileg öllum. Heimasíðan er spennandi verkefni þar sem raddir og sjónarhorn barna víðsvegar um Evrópu yrði sýnileg.

Við settum okkur eftirfarandi markmið í upphafi:

- Að börnin kynnist umhverfi sínu frá nýju sjónarhorni (þ.e. í gegnum myndavélalinsuna)
- Að börnin læri að njóta fegurðarinnar í hinu smáa og hinu stóra
- Tengsl umhverfisverndar og fegurðar
- Ná til foreldra í gegnum öðruvísi samstarf
- Að gera þetta að Evrópsku samstarfsverkefni

Hér til hliðar á þessari blaðsíðu eru nokkrar myndir teknar af börnunum, en einnig eru fleiri sýnishorn í fylgiskjali 4.

Ruslið í fjörunni

Það var alveg ótrúlegt hvað börnin voru fljót að taka þá afstöðu að ruslið ætti ekki heima í fjörunni. Þau týna allt rusl úr fjörunni sem verður á vegi þeirra og taka það með sér heim í leikskóla. Stærri hluti eins og spýtur og járnarusl setja þau upp við göngustíginn þannig að starfsmenn borgarinnar, sem sjá um að halda borginni hreinni, geti



tekið þetta með sér.

Þau eru mjög athugul á umhverfi fjörunnar. Einn daginn var mikið um froðu í fjörunni og þá fóru þau að velta því fyrir sér hvort þetta væri sápufroða. Ákveðið var að hafa samband við Mengunarvarnir Umhverfissviðs. Þar var okkur sagt að þörungarnir gefi frá sér slím sem verður að froðu við að veltast í sjónum. Þau tóku einnig eftir því að það er oft olíubrák í læknum í fjörunni og leika sér ekki þar þegar hún sést.



Einn daginn fundu þau stóra svarta fötu og tóku hana náttúrulega þar sem hún átti ekki heima í fjörunni. Þá fékk eitt barnið þá góðu hugmynd að þetta yrði ruslafata fjörulalla og þá þyrftum við ekki alltaf að vera með ruslapoka.

Þar sem áhugi barnanna á umhverfisvernd fjörunnar var svo mikill, var ákveðið að sækja um að vera „Skóli á grænni grein.“ Gekk það eftir og formlega urðum við Skóli á grænni grein á 5 ára afmæli leikskólans 2. desember.



Þegar farið var í meiri vinnu með börnunum varðandi það verkefni að vera Skóli á grænni grein, varð áhugi þeirra það mikill að við ákváðum að ganga enn lengra og sækja um „Grænfánann.“ Það verður formleg afhending fánans á sumarhátíð leikskólans þann 24. júní. Þannig að það má segja að það sé alveg ótrúlegt hvað hægt er að gera þegar áhugi barnanna leiðir okkur áfram, þau eru ekkert að tvínóna við hlutina.



Stuttmyndin

Börnin gerðu risastóran sel úr dagblöðum og hænsnaneti. Þau lögðu öll hönd á plóginn, þar sem þessi selur átti að vera umhverfistáknið okkar. Þessi vinna tók nokkrar vikur og var mikið skrafað saman á meðan. Rætt var um það hvort við gætum gert sögu um það hvernig selurinn kom til okkar og það var nú lítið mál.

Selurinn fékk nafnið Snorri. Einu sinni þegar fjörulallar voru á ferð niðri í fjöru sáu þau stóran sel fastan í neti. Þau björguðu honum og þar sem hann var særður þá fóru þau með hann upp í leikskóla. Snorra leið svo vel þar að hann ætlaði bara að búa þar og passa að við göngum vel um.



Þetta var svo góð hugmynd að ákveðið var að gera stuttmynd út frá þessari sögu. Næst elsti árgangurinn, sem er umhverfisnefndin okkar, lék aðalhlutverkið, en einnig tóku öll hin börnin eitthvað þátt í myndinni. Þessi mynd var fyrst sýnd á opnu húsi leikskólans og síðan víðar og vekur allstaðar jafn mikla athygli. DVD-diskur með myndinni

fylgir hér með, hann er innan á kápunni aftast.

Fjörulallanámskeið

Þegar lagt var af stað með þetta þróunarverkefni var hugmyndin sú að börnin á Bakka myndu jafnvel kenna öðrum börnum um lífríki fjörunnar.

Ákveðið var því að skella sér út í djúpu laugina með þetta og var ákveðið að bjóða tveim elstu árgöngunum í leikskólum Grafarvogs á Fjörulallanámskeið. Við vorum ekkert of viss um að nokkur myndi þiggja þetta boð, en viti menn, raunin varð önnur, það mættu tæplega 180 börn á námskeið hjá Bakkabörnum. Við meira að segja urðum að neita nokkrum leikskólum þar sem við fundum að Bakkabörn voru að þreytast. Það getur verið lýjandi að vera að kenna jafnvel 20 börnum á viku og vera bara 4 – 6 ára.

Fjörulallarnir, það er Bakkabörnin, tóku kennarahlutverkinu mjög alvarlega og voru dugleg að leiðbeina hinum börnunum. Þetta námskeið gekk mjög vel og gerum við ráð fyrir að bjóða upp á þau aftur. Við munum hinsvegar bara senda tveimur til þrem leikskólum í einu boð um námskeið, þannig að börnin okkar hafi ánægju af þessu án þess að verða þreytt.

Útskrift elsta árgangsins

Í lok maí var formleg útskrift elsta árgangsins úr fjöruskólanum. Farið var niður í fjöru með fullt af farangri. Farið var í ýmsa leiki, pylsur grillaðar og veðrið var svo gott að börnin gátu vaðið í sjónum.

Börnin fengu blaðrenning með teppalímbandi á, þau máttu gera sér kórónu og skreyta hana með efnivið úr fjörunni. Þetta vakti mikla gleði og áhuga.

Að lokum afhenti Edda, sem er verkefnastjóri þessa verkefnis, öllum börnunum viðurkenningarskjal fyrir glæsilega frammistöðu.



Lokaorð

Þá er þróunarverkefni þessu formlega lokið, en Fjörulallaverkefnið mun lifa áfram þar sem það tókst svo vel og vakti áhuga allra sem komu að eða kynntust því.

Það sem stendur upp úr eftir vinnu vetrarins er hve áhugasöm börnin eru og hvað þau eru frjó og hugmyndarík. Margt kom á óvart og þá sérstaklega þegar önnur verkefni fóru að kvikna út frá eljusemi barnanna. Í raun má segja að það sem við kennararnir lærðum af þessu verkefni er að það er ekki nóg að hlusta á það hvað börnin segja, heldur einnig hvað þau gera, hvernig þau bera sig að, teikna og túlka, þá fyrst erum við að hlusta og þá heyrum við ótrúlega hluti og hugmyndir.

Gaman var að sjá hvað börnin tóku hlutverki sínu sem kennara alvarlega og hvað hin börnin hlustuðu á þau. Það er örugglega margt sem við fullorðna fólkið eigum eftir að læra um börnin og af þeim.

Í rauninni erum við ekki búin að ljúka við að framkvæma allar þær hugmyndir sem kviknuðu. Ætlum við til dæmis að vinna að því í sumar/haust að setja inn á heimasíðuna okkar, fyrir neðan dagbókina, hugmyndabanka eða þekkingarbrunn sem aðrir geta leitað í. Einnig var hugmynd um það að vera með upplýsingar þar sem börnin myndu tala undir og segja hvað væri, til dæmis á viðkomandi mynd. Þannig að okkur langar að gera þetta verkefni mun meira lifandi á heimasíðunni og vona þar með að aðrir komi á eftir okkur í því að fara með börnin markvisst út að njóta náttúrunnar og umhverfisins. Útinám er virkilega að höfða til barnanna.

Til gamans má nefna það að Korpuskóli, sem er grunnskólinn í hverfinu, ákvað að gerast Skóli á grænni grein, eins og við. Hugmyndin er einnig að Korpuskóli verði í samvinnu við okkur um útiknám og í ljósmyndaverkefninu. Listgreinakennarinn sem starfað hefur í leikskólanum og verið mjög virk í þessum verkefnum, ætlar næsta vetur að starfa bæði í Korpuskóla og á Bakka. Það verður spennandi að sjá hvernig það kemur út og hvort það efli ekki samstarfið á þessum grundvelli.

Í lokin má geta þess að við fengum hvatningarverlaun Leikskólaráðs, núna í maí 2009, fyrir Fjörulalla-verkefni þetta. Við erum mjög stoltar af þessu verkefni og því ekki verra að fá rós í hnappagatið fyrir það.



Heimildaskrá

Clark, Alison and Moss, Peter. 2001. *Listening to Young Children*. National Children's Bureau, United Kingdom.

Cornell, Joseph. 1989. *Sharing Nature with Children II*. Dawn Publications, USA.

Guðrún Alda Harðardóttir. 2001. *Í leikskóla lífsins*. Textasmiðjan Akureyri.

Helm, Judy Harris and Katz, Lilian. 2001. *Young Investigators. The project approach in the early years*. Teachers College, Columbia University New York and London.

Náttúruskóli Reykjavíkur. Sótt 20.maí 2009 á slóðina:

http://natturuskoli.is/default.asp?sid_id=26473&tre_rod=002|001|001|&tld=1

Páll Skúlason. 1998. *Umhverfing. Um siðfræði umhverfis og náttúru*. Háskólaútgáfan Reykjavík.

Þorvaldur Örn Árnason. 1998. *Umhverfismennt fyrir foreldra, stjórnendur, fagmenn og áhugafólk um umhverfismál*. Aðstoð sf.

Fylgiskjöl

Fylgiskjal 1

Heimsókn í leikskólann Bakka mánudaginn 16. febrúar 2009

Þann 16. febrúar 2009 heimsótti ég leikskólann Bakka til að fá sýnishorn af því námi sem þar fer fram, ekki síst á sviði umhverfismenntar og útikennslu.

Þennan morgun voru það elstu börn leikskólans sem voru á leið í fjöruferð og áður en lagt var af stað komu þau saman í sal leikskólans þar sem Edda leikskólakennari undirbjó þau undir ferðina. Farið var yfir hvaða dagur var, hvernig veður var og hver æskilegur klæðnaður var. Spurt var yfir hópinn og börnin réttu upp hönd ef þau vildu svara og upplýsingarnar voru síðan settar myndrænt upp á töflu. Börnin voru greinilega von þessari vinnu og réttu öll upp hönd án þess að kalla fram svör sín. Athygli mína vakti einnig að þau nefndu bara eitt atriði í hvert skipti sem þau fengu að svara. Þannig fengu þau flest eða öll tækifæri til að svara og bæta við það sem þegar var komið fram.

Að þessu loknu voru rifjaðar upp fyrri ferðir og hvað gert var þá og hvað börnin sáu í þeim ferðum s.s. krabba og marflær. Þau voru einnig spurð um það hvað þau vildu gera í þessari ferð og hvað þau héldu að þau myndu sjá að þessu sinni. Enn réttu þau upp hönd og eitt og eitt fékk tækifæri til að svara. Það var ýmislegt sem þau langaði til að finna og skoða en greinilegt var að það að finna krabba var efst á óskalistanum. Edda rifjaði líka upp með þeim nöfn á ýmsum dýrum sem orðið hafa á vegi þeirra í fjörunni. Hún kynnti einnig hvaða fylgihlutir myndu verða teknir með í fjöruna í dag og að þessu sinni voru það glærar fötur, skóflur og stækkunargler.

Að þessum undirbúningi loknum fóru börnin fram til að klæða sig og allt gekk átakalaust fyrir sig. Þegar flestir voru tilbúnir máttu börnin fara út fyrir og safnast saman við hliðið á leikskólalóðinni.

Ferðin niður í fjöru gekk mjög vel en fjaran er rétt steinsnar frá leikskólanum, fyrir neðan lóðarmörkin. Á leiðinni vakti Edda athygli barnanna á ýmsu sem fyrir augu bar s.s. máfunum sem sveimuðu yfir, æðarblika sem synti á sjónum og fjölda tjalda sem sátu á skeri. Á leiðinni varð einnig fyrir hópnum aurskriða sem runnið hafði yfir göngustíginn og af því sköpuðust nokkrar umræður og vangaveltur.

Þegar niður í fjöru var komið valdi Edda hentugan stað og vakti athygli barnanna á að ekki væri gott að fara á sama stað og þau hefðu farið á síðast þar sem núna væri mikið flóð en þá hefði verið mikil fjara. Síðan tók athafnagleði barnanna völdin og með glærar fötur, skóflur og stækkunargler við höndina var rannsakað og leikið. Það var gaman að sjá samstarf og margvísleg samskipti barnanna. Nokkur barnanna hömuðust t.d. við að fylla hverja fötuna af annarri af sjó til að hella í holu sem þau höfðu grafið í fjörunni. Þau sögðust vera að gefa dýrunum sem þar byggju sjó, svo þau gætu lifað. Á meðan þessu fór fram lá ein stúlkanna á hnjónum og rýndi með stækkunarglerinu ofan í holuna til að sjá dýrin sem þar gætu leynst.

Börnin undu sér afskaplega vel og greinilegt var að þau voru heimavön í fjörunni. Þau tóku því t.d. með stóískri ró að selur ræki reglulega höfuðið upp úr sjónum rétt fyrir utan til að fylgjast með þeim. Þó að undirritaðri hafi þótt nærvera selsins einstök upplifun þá þótti börnunum þetta hversdagslegur hlutur og varla í frásögur færandi þótt einn selur ræki upp hausinn enda höfðu þeir verið átta talsins sem fylgdust með þeim í vikunni á undan.

Ekki fór það svo að þau fyndu krabbann sem þau langaði til að finna við upphaf ferðar en það skyggði ekkert á gleðina. Ýmislegt annað áhugavert var að finna engu að síður s.s. skeljar og kuðungar.

Börnin léku sér af öryggi í fjörunni og þau sem ekki voru búin regngöllum og vaðstígvélum var treyst til að finna þau mörk sem fatnaður þeirra krafðist. Það kom mér á óvart hve vel það gekk. Börnin sem búin vorum góðum vaðstígvélum og regngöllum gátu leyft sér aðeins meira og léku sér í flæðarmálinu. Aðeins einn drengur gleymdi sér örstutta stund og fékk léttu öldu fullhált upp á leggina svo hann blotnaði aðeins í fæturna. Honum varð þó ekki meint af og leiða má líkum að því að þetta smá óhapp hafi fyrst og fremst verið lærdómsríkt.

Eftir dágóðan tíma við leik og störf í fjörunni var boðið upp á svolitla hressingu á fjörukambinum sem var vel þegin. Að því búnu dró Edda upp ruslapoka og börnin tíndu saman rusl. Það var óvenju mikið sorp á svæðinu að þessu sinni og fljótlega var pokinn orðinn fullur.

Börnin á Bakka þekkja greinilega fjöruna vel og ferðirnar þangað auka innsæi þeirra í náttúrulegar breytingar hennar svo sem sjávarföll og veðurbreytingar. Vikurnar á undan þessari ferð hafði verið snævi þakin jörð og miklar frosthörkur en að þessu sinni var þýða og rigning sem m.a. hafði orsakað aurskriðuna yfir göngustíginn auk þess sem mikið magn af sorpi kom í ljós þegar snjóla leysti.

Það var afar gaman að fá að taka þátt í þessari fjöruferð með börnunum á Bakka og ferðin styrkti enn frekar vissu mína um gildi vettvangsferða fyrir börn á náttúruleg svæði, ekki síst endurteknar ferðir á sama svæði. Með slíkum ferðum öðlast börnin sterka tengingu við svæðið og upplifa náttúrulegar breytingar umhverfisins á áþreifanlegan hátt. Þau rækta með sér virðingu fyrir umhverfinu, læra að bera umhyggju fyrir því og njóta þeirra gæða sem náttúran býður upp á. Börnin öðlast skilning á samhengi mannlegra athafna og náttúru auk þess sem aukin grenndarvitund styrkir sjálfsmynd þeirra. Reynslan auðgar einnig málproska barnanna og orðaforða jafnframt því sem þau öðlast læsi á umhverfi sitt s.s. landslag, sjávarföll, örnefni, fjarlægðir, áttir, gróður, dýralíf og árstíðir svo eitthvað sé nefnt. Í þessu samhengi er það ekki eingöngu ferðin sjálf sem skiptir máli heldur einnig hinn góði undirbúningur sem átti sér stað fyrir ferðina og úrvinnsla og upprifjun fyrri ferða.

Að lokum þakka ég börnum og starfsfólki á Bakka fyrir skemmtilega samveru þennan morgun í febrúarmánuði og óska þeim til hamingju með þann árangur sem þau hafa náð í umhverfismennt og útikennslu barnanna.

Ingibjörg M. Gunnlaugsdóttir, leikskólaráðgjafi

Fylgiskjal 2



Fylgiskjal 3



Fjörufurð

Fjörulallar voru að labba af stað í vinabandinu, það var sól og hlýtt veður. Börnin voru í stuttbuxum og bolum. Við buðum selnum Snorra með og Kalla krumma og selunum okkar öllum.



Börnin ætluðu að reyna að finna krabba í dag og tóku með sér skóflur og fötur.



Einu sinni voru fjörulallar að fara í fjöruferð. Selurinn Snorri og Krummi fengu að koma með og allir selirnir sem börnin höfðu búið til. Þau ætluðu að fara að skoða kuðunga og skeljar. Hjartaskeljar, kúfskeljar, olnbogaskeljar og klettadoppur.




Allt í einu fann Snorri mús á bak við stein hann sagði krumma frá því og krummi lét okkur vita með því að krunka ógurlega mikið og flaug síðan þangað sem músin var. Við þurftum að leita svolítið að því sem krummi var að sýna okkur. Við gátum ekki náð henni strax því að hún faldi sig undir steininum. Arnar Páll, Pálmi og Aron Atli náðu henni loksins. Pálmi var með hana í hendinni og hún var mjög glöð að hafa eignast vini. Við ákváðum að skíra hana Mýslu.

Fylgiskjal 4



Nærmynd í fjörunni



Nærmynd í fjörunni



Nærmynd í fjörunni




Nærmynd í fjörunni



Umhverfið



Umhverfið



Umhverfið



Umhverfið



Ruslið sem á ekki að vera í umhverfinu



Ruslið



Ruslið



Ruslið